

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 19. október 2022
Tilvísun: 202209041 / 5.0

Efni: Beiðni um endurskoðun umhverfismats - Þorlákshafnarlína 2 og 3

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Ölfuss, dags. 9. september 2022, þar sem óskað var eftir álti Skipulagsstofnunar um endurskoðun umhverfismats Þorlákshafnarlína 2 og 3, sbr. 28. gr. laga nr. 111/2021.

Umhverfismati Þorlákshafnarlína 2 og 3 lauk með álti Skipulagsstofnunar þann 26. maí 2011. Framkvæmdaraðili var Landsnet.

Skipulagsstofnun leitaði upplýsinga hjá sveitarfélaginu um hvort lægi fyrir umsókn um leyfi til framkvæmda vegna Þorlákshafnarlína 2 og 3 með tölvupósti 6. október 2022. Sveitarfélagið svaraði samdægurs að svo væri ekki. Í kjölfarið, sama dag, tilkynnti Skipulagsstofnun Sveitarfélaginu Ölfusi að beiðninni væri vísað frá með vísan til þess að umsókn um leyfi til framkvæmda væri forsenda fyrir því að leyfisveitandi gæti óskað eftir álti Skipulagsstofnunar um endurskoðun umhverfismats á grundvelli 28. gr. laga nr. 111/2021. Í frekari tölvupóstum 6. og 7. október ítrekaði sveitarfélagið beiðni sína um álit.

Líkt og fyrr segir vísaði Skipulagsstofnun til 28. gr. laga nr. 111/2021 þegar stofnunin vísaði beiðninni frá. Með vísan til úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 7. apríl 2022 í máli nr. 172/2021 (breikkun Suðurlandsvegar frá Fossvöllum að Lögbergsbrekkju) var rangt af stofnuninni að vísa til ákvæða laga nr. 111/2021 þar sem álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Þorlákshafnarlína 2 og 3 lá fyrir í maí 2011 og gilda því ákvæði laga nr. 106/2000, sbr. 1. tölul. Í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 111/2021.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 106/2000 skal leyfisveitandi óska ákvörðunar um hvort endurskoða þurfi að hluta eða í heild matsskýrslu framkvæmdaraðila áður en leyfi til framkvæmda er veitt ef framkvæmdir hefjist ekki innan tíu ára frá því að álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hafi legið fyrir.

Með 11. gr. laga nr. 74/2005 var lögum nr. 106/2000 breytt og bættist þá við löginn áðurnefnd 12. gr. um endurskoðun matsskýrslu. Í athugasemdum við 11. gr. í frumvarpi til breytingalaganna nr. 74/2005 er tiltekið að leyfisveitanda beri að óska eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort endurskoða þurfi matsskýrslu, „hafi verið lögð fram umsókn um leyfi til framkvæmda“.

Með tölvupósti 7. október sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir upplýsingum frá Landsneti varðandi stöðu undirbúnings framkvæmda við Þorlákshafnarlínu 2 og 3 og jafnframt eftir upplýsingum um hvort fyrirtækið óskaði þess að fá álit Skipulagsstofnunar um endurskoðun umhverfismats.

Svar Landsnets barst 18. október sl. Þar kom eftirfarandi fram:

Bygging Þorlákshafnarlína 2 og 3 er ekki á nágildandi áætlunum Landsnets um framkvæmdir í flutningskerfi raforku. Ekki er heldur gert ráð fyrir því að línum verði settar á áætlun nema til komi sérstakar aðstæður sem krefjast þess og er þá átt við mögulegar fyrirætlanir stórnötenda með tiltækan orkusamning og sem krefst afhendingar orku um tvær 220 kV línum.

Áætlanir Landsnets um aukningu afhendingargetu í Þorlákshöfn eru á vinnslustigi og munu að öllum líkindum ekki verða á því svæði sem Þorlákshafnarlína 2 og 3 voru áður fyrirhugaðar. Þær áætlanir verða kynntar þegar þær verða fullmótaðar og fyrir liggur hvernig framtíðartengingum verður háttað.

Landsnet óskar þar af leiðandi ekki eftir endurskoðun umhverfismats Þorlákshafnarlína 2 og 3, sbr. 28 gr. laga nr. 111/2021.

Í ljósi framangreinds og að virtu því að framkvæmdaraðili er ábyrgur fyrir mati á umhverfisáhrifum, sbr. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 106/2000, er það mat Skipulagsstofnunar að stofnunin hafi ekki lagalegar forsendur til að taka ákvörðun um hvort endurskoða skuli matsskýrslu vegna Þorlákshafnarlína 2 og 3. Beiðni Sveitarfélagssins Ölfuss er því vísað frá.



Egill Þórarinsson



Ottó Björgvin Óskarsson

Ottó Björgvin Óskarsson